



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Borg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
3 Innra mat Arnarholts	7
4 Innra mat Lóuholts	9
5 Innra mat Fálkaholts.....	11
6 Innra mat Spóaholts	13
7 Innra mat Ugluholts.....	15
8 Innra mat Krummaholts	17
9 Innra mat sérkenndu.....	19
5 Innra mat – fjöltyngd börn	21
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
8 Foreldrasamvinna.....	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
10 Fylgigögn.....	25
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	25
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2023-2024	26



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2022-2023 hófst í ágúst með komu nýrra barna í Borg. Einnig voru tveir nýir stjórnendur í afleysingum vegna fæðingarorlofs leikskólastjórans sem var ráðin í byrjun ársins 2022. Auður Ösp Guðjónsdóttir, ráðinn aðstoðarleikskólastjóri frá vori 2022 leysti Lindu Rún Traustadóttur leikskólastjóra af og henni til aðstoðar var Lena Sólborg Valgarðsdóttir. Lena Sólborg hætti störfum um mánaðarmótin maí/júní '22 og Auður Ösp sömuleiðis um mánaðarmótin júní/júlí '22. Linda Rún kom til starfa aftur eftir fæðingarorlof í júní '22.

Aðlögun nýrra barna fór fram í ágúst og september. Við tók haust sem einkenndist af töluverðum veikindum meðal barna og ekki síður starfsmanna. Að sama skapi var ekki unnt að fullmanna leikskólann fyrr en seint á árinu 2022. Vegna þessa þurfti því miður að grípa til ráðstafanna vegna manneklu. Loka þurfti deildum hluta úr degi eða heilan dag og senda börn heim vegna skorts á starfsfólki. Það er von mín að slíkt muni ekki endurtaka sig þetta skólaárið.

Síðan árið 2020 hafði foreldrasamstarf legið í töluverðum dvala vegna Covid-19 faraldursins. Skólaárið 2022-2023 var loksins árið sem farið var að bjóða aftur upp á foreldrakaffi og aðstæður sem aðstandendur barnanna höfðu frjálsum aðgang að leikskólanum. Góð mæting var á skipulögð boð í leikskólanum og við munum halda áfram að efla foreldrasamstarfið eftir þessi furðulegu ár í heimsfaraldri sem við viljum gjarnan sleppa við að upplifa aftur.

Á árinu fékk starfsfólk Borgar Regnbogafræðslu. Fræðslan er þungamiðjan í Regnbogavottun en hún byggir á skemmtilegum verkefnum um hinseginleika og beinist einnig að því að skoða með hvaða hætti hver og einn vinnustaður geti verið hinseginvænni. Starfsdagar í Borg voru einnig nýttir til eflingu starfsmannahópsins varðandi fagmennsku og þau gildi sem unnið er að í Borg. Fræðsla og vinnuhópar starfsfólksins með leiðsögn mannauðssérfræðinga fóru fram og úr varð meðal annars sýnilegur afrakstur sem verður á hverri deild. Það hefur með gildin okkar í Borg að gera sem eru Virðing – Ábyrgð – Umhyggja og aukinheldur hvað það er sem einkennir góða liðsheild.

Til margs er að hlakka skólaárið 2023-2024. Til stendur að starfsmannahópurinn fari í námsferð á vormánuðum 2024 sem er lærdómsríkt fyrir alla og gefur kraft í starfið okkar í Borg. Í meðfylgjandi leikskóladagatali má sjá fyrirhugaðar dagsetningar á námsferðinni og að sama skapi aðra starfsdaga það skólaár. Þess utan eru fleiri skipulagðar uppákomur sem varða eflingu foreldrasamstarfs eins og foreldrafundir og fleira.

Virðingarfyllt,

Linda Rún Traustadóttir, leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Samkvæmt starfsáætlun síðasta árs var áætlað að auka upplýsingaflæði til starfsmanna, auka samstarf við foreldra, vinna að Vinnáttuverkefni Barnaheilla, vinna með verkfærakistu KVAN, vinna að bættri liðsheild og efla forvarnir gegn streitu og álagi. Það gekk misvel að ná markmiðum síðasta skólaárs sem skrifa má á breytingar á stjórnendahópi það árið. Það gekk ágætlega að auka upplýsingaflæði til starfsmanna, deildarstjórafundir voru haldnir reglulegar og Workplace forritið var virkjað og nýtt til upplýsinga. Upplýsingaflæðið er samt sem áður ekki orðið nægilega gott og er á döfinni að virkja upplýsingaskjái sem eru á kaffistofum beggja húsa. Það gekk vel að auka samstarf við foreldra. Allir viðburðir voru vel sóttir af foreldrum, en það voru kynningarfundir að hausti í hvoru húsi, jólakaffi og fjölskyldukaffi á vorönn. Völu appið er enn betur nýtt í samskiptum við foreldra og Facebook síðurnar fyrir hverja deild eru virkar. Þá fengu foreldrar fréttabréf í hverjum mánuði með upplýsingum um það sem var að gerast í leikskólanum. Starfsfólk hélt áfram að vinna með Blæ, Vinnáttuverkefni Barnaheilla en stefnt var á fræðslu fyrir starfsfólk til að viðhalda þekkingu á Blæ í Borg en því miður gekk það ekki eftir. En það verður haldið á næsta skólaári

Til að efla leikskólabraginn fengum við til liðs við okkur Guðnýju Reynisdóttur, mannauðsráðgjafa og markþjálfara og Ingu Guðrúnu Birgisdóttur, mannauðsráðgjafa. Þær komu á tvo starfsdaga að vori og voru með fræðslu og vinnustofur um liðsheild og gildin í Borg. Þá komu þær einnig á fund með deildarstjórum. Mikil ánægja var með þeirra innlegg og munum við halda áfram með samstarfið næsta skólaár. Til að minnka streitu og álag var m.a. farið í að innleiða notkun á Workplace svo starfsfólk þyrfti ekki að fá vinnutengdar tilkynningar í frítímanum sínum.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
-----------------	-------------------------	--	--



Starfsmannakönnun	Rafræn könnun	Starfsmenn	Það var dræm þátttaka meðal starfsmanna en niðurstöðurnar sem komu voru góðar.
Foreldrakönnun	Rafræn könnun	Foreldrar	Heilt yfir ánægja með starfið í leikskólanum. Umbótaþættir snúa að stjórnun og bættum sýnileika um áherslur leikskólastarfsins.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Aukið upplýsingaflæði til starfsmanna	Að starfsmenn og stjórnendur séu upplýstari um starfsemi leikskólans.	Boðleiðir verði skýrari og deildastjórafundir verði vikulega. Stjórnendur fari yfir sína vikuáætlun með deildarstjórum í upphafi viku.	Stjórnenda- teymi og starfsfólk	Ágúst 2021	Mái 2022	Í viðhorfskönnun starfsfólks. Einnig rætt um þetta á deildarstjórafundu m.	Að starfsfólk upplifi sig vel upplýst um hvað er á döfinni hverju sinni.
Aukinn sýnileiki stjórnanda	Stjórnendur verði sýnilegri t.d. við upphaf/enda dags fyrir foreldrum	Stjórnendur heilsa á deildum á morgnana og seinnipartinn.	Stjórnendur	Ágúst 2023	Júní 2024	Foreldrakönnun	Hækka prósentshlutf all ánægðra foreldra með þennan þátt.
Uppeldis- og menntastarf							
Vinátuverkefni Barnaheilla	Nota verkfærin sem starfsfólk hefur lært áfram í starfi.	Fá námskeið fyrir alla starfsmenn	Stjórnendur , deildarstjórn ar og starfsfólk	Ág 2023	Mái 2024	Samræður á deildarfundum, sýnileika verkefnisins og gögn sem safnast með vinnu með Blæ.	Að Blær haldi áfram að vera sýnilegur í starfi og öllum kunnugur.
Stefna og áherslur í starfi	Að foreldrar séu upplýstari um stefnu og áherslur sem við vinnum með.	Senda foreldrum upplýsingapósta og auka sýnileika starfsins t.d. í gegnum Völu.	Stjórnendur og deildarstjórn ar	Ágúst 2023	Mái 2024	Með foreldrakönnun	Að þættir sem snúa að vitneskju foreldra um stefnu og áherslur í starfi skori hærra.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Forvarnir gegn streitu og álagi	Að starfsmenn upplifi minna álag og	Viðhalda þekkingu sem fékkst á síðasta skólaári, skilja	Stjórnendur	Ág 23	Mái 24	Umræður á deildarfundum, starfsmannafundu m, og	Að starfsfólk hlakki til að mæta í vinnu.



	streitu í starfi. Að starfsfólk hafi bjargir til að takast á við streitu og álag á heilbrigðan hátt.	milli vinnu og einkalífs, regluleg samtöl við starfsfólk, efla starfsandann enn frekar.				einstaklingssamtölu m við starfsmenn. Nýta starfsdaga til að efla andann.	
Veikindi	Fækka veikindadögum	Höldum vel utan um veikindadaga og tekin eru viðverusamtöl eftir fyrir fram skilgreindu plani	Stjórnendur og starfsfólk	Ágúst 2023	Júní 2024	Viðverusamtöl og starfsþróunarsamtöl	Að veikindahlutfall lækki og komist nær meðaltali.

3 Innra mat Arnarholts

Skólaárið 2022-2023 gekk vel. Í aðlögun var börnunum skipt í tvo hópa. Fyrri hópurinn byrjaði í ágúst og seinni í september og voru aðlöguð 15 börn samtals. Það var hefðbundin aðlögun með meiri foreldrahlutun sem gekk vel en tók langan tíma vegna breytinga á barnahópnum eftir að veturinn byrjaði.

Breytingar voru í starfsmannahópnum. Þrír starfsmenn fóru af deildinni og nýir hófu störf. Mikil mannekla og breytingar á starfsmannahópnum litaði haustið en meiri stöðugleiki var kominn á eftir áramót.

Skipulagt starf á Arnarholti byrjaði almennilega í nóvember. Við náðum að vinna með alla þætti eins og: Lubba og Blæ og hafa það sýnilegt fyrir börnin. Í samverustundum fengu börnin tækifæri til að tjá sig, hlusta á sögur, ljóð, þulur, syngja og læra lög. Það gekk ekki nógu vel að vera með hópastarf heldur var deildin að mestu öll saman í öllu starfinu eins og listsköpun, Lubbastundum og tónlist.

Á Arnarholti er lögð áhersla á umhyggju. Börnum er sýnd virðing og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi.

Samvinna við foreldra gekk vel. Við vorum með fjölskyldukaffi þar sem börnin buðu fjölskyldum sínum upp á kex og kaffi. Einnig héldum við foreldrafundi og buðum upp á foreldraviðtöl.

Á árinu 2022-2023 lögðum við áherslu á frjálsan leik í staðinn fyrir val. Börnin fengu þá tækifæri til að kynnast betur, leika og vinna saman að fjölbreyttum viðfangsefnum.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Flæði	Börnin fara á milli deilda 1x í viku. Kynnast fleiri svæðum, efniviði, kennurum og börnum. Auðvelda aðlögun milli deilda næsta vetur.	Skipuleggja tímasetningar með öðrum deildarstjórum, hver hópstjóri fylgir sínum börnum	Deildarstjóri	Okt 2023	Mái 2024	Deildarstjórar hússins ræða saman um hvernig gengur að halda starfsfólki virku í flæði og eftir aðlögun milli deilda meta deildarstjórar hvernig aðlögun gekk. Hægt að meta aðlögun með matslista.	Matslistar um gengi aðlögunar og líðan bara við flutning milli deilda sýni hækkun.
Auka hreyfingu barna	Vera með fastar hreyfistundir, hópaskipting til að hafa færri í einu og hver fái að njóta sín betur	Virkja betur hópaskiptingu og ábyrgð hvers hópstjóra. Taka fyrir á deildarfundi í byrjun vetrar.	Hópstjórar	Okt 2023	Mái 2024	Skráning; hvenær var farið í hreyfistund og hvað var gert. Hver hópstjóri skráir.	x



4 Innra mat Lóuholts

Skólaárið 2022-2023 byrjaði á aðlögun í lok ágúst, börnin eru fædd 2020 og 2021 sjö stelpur og níu strákar. Aðlögun var þannig háttað að við tókum á móti börnum og foreldrum í tveimur hópum og gekk það mjög vel, við breyttum aðlögun örlítið frá árinu áður og fannst okkur það virka betur. Við breyttum aðlögun þannig að foreldrar voru minna inni hjá okkur, sem sagt þriðja daginn fóru þau í hvíld hjá okkur og voru foreldrar ekki með í henni og virkaði það mun betur en árinu áður þá voru foreldrar að svæfa börnin sín sjálf. Síðan vorum við með viku á milli hópa svo að þau sem voru komin inn voru öruggari þegar nýr hópur kom inn. Á deildinni voru fjögur börn eftir frá fyrra skólaári og aðlöguðum við því tólf ný börn. Starfsmenn eru að mestu leyti þeir sömu, með örlitlum breytingum. Í október kom starfmaður að vinna hjá okkur sem kom frá Úkraínu og var í 6 mánuði hjá okkur og kom starfsmaður af Fálkaborg inn í staðin fyrir hana.

Við byrjuðum skipulagt starf í lok september og hefur það gengið vel, en eins og áður höfðum við þurft að aðlaga starf, vegna veikinda starfsmanna. Í skipulagða starfinu vorum við með fasta daga fyrir hvert og eitt verkefni eða innlögn og unnum við það fyrir hádegi þar sem athyglin er mest hjá þeim á þeim tíma. Þau verkefni sem við vinnum í eru málörvun, lestrarstundir, Lubba stund, listsköpun, hreyfing, sjálfsefningu, liti, hugtök, frjáls leikur og útivera. Við skiptum barnahópnum í þrjá til fjóra hópa til þess að ná betur til hvers og eins. Við færðum morgun matinn og nónhressingu inn á deild til okkar og þykir okkur það mun betra og minna rask fyrir börnin. Börnin koma að fá sér að borða eftir þeirra þörfum innan tíma marka sem er mjög gott fyrir þau að finna hjá sér þegar þau eru tilbúin en ekki að þau verði að fá sér strax þegar þau koma.

Markmið með verkefninu **Ég sjálfur** er að efla orðaforða og að læra um sjálfan sig hvernig við lítum út. Í vetur unnum við það verkefni með að fara yfir líkamsparta og svo teiknuðu þau mynd af sér (sjálfsmýnd). Þetta verkefni var svo tekið lengra eftir áramót og þá var farið í fjölskyldu meðlimi þau teiknuðu mynd og settum við þær myndir upp fyrir fjölskyldu kaffið okkar.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Lesstundir	Að börnin staldri við að hlusta, málörvun og skilningur	Barnahópnum skipt í litla hópa og lesin saga við hæfi aldurs. Nauðsynlegt að hafa myndir/mat upp á betri skilning	Deildastjóri og starfsmenn deildarinnar	Sept	Júní	Notaðar loðtöflusögur sem eru lesnar. metið með því að þyngja sögurnar með tímanum.	Að geta þyngt sögur með tímanum sínir okkur árangur í þessu efni.
Lubbi finnur málbein	Málörvun og hljóðnám	Farið í skipulagða Lubba stund þar sem einn stafur er tekin fyrir næstu tvær vikur, sagan lesin og lagið sungið og umræður	Deildastjóri og starfsmenn deildarinnar	Lok Sept	Byrjun Júní	Notast við bókina Lubbi finnur málbein. Meta árangur á deildar fundum	Að börnin þekki alla stafina eða fyrstu hljóðin og hljóm þeirra



5 Innra mat Fálkaholts

Það var talsvert rót á starfsfólki deildarinnar þennan veturinn sem byrjaði með því að tveir starfsmenn dattu út í byrjun haustsins. Það var svo ekki fyrr en um mánaðarmótin janúar – febrúar að endanleg mynd komst á starfsmannahaldið. Þegar ró hafði komist á starfsmannahaldið á deildinni þá enduðum við á því að vera fimm starfsmenn á deildinni. Veturinn 2022 -2023 voru mest 18 börn hjá okkur á Fálkaholti en endanleg tala barna var 17 og skiptist það í 11 stelpur og 6 stráka. Það voru 8 börn sem eru tvítyngd eða hafa fjöltyngd. Einnig yngdist hópurinn frá síðasta vetri og breytti það því hvernig var unnið með börnunum. Það var meiri samvinna með elstu deildinni þar sem börn voru send yfir á Fálkaholt til að sofa eftir að þau fóru á elstu deildina og í staðinn sendi Fálkaholt börnin sem hættu að sofa yfir á Ugluholt á meðan á hvíldinni stóð. Þetta gekk vel og eru börnin sem eru að fara yfir á Ugluholt næsta haust þekkjast starfsfólk og aðstæður þar vel. Það var haldið áfram með flæði í öllum matartímum og gekk það vel og sjáum við ekki að því verði breytt aftur til baka. Flæðið í matartímum er einnig í sífelldri þróun og fórum við í heimsóknir á aðra leikskóla til að fá hugmyndir um hvernig við getum þróað það enn frekar næsta vetur. Annar umbótaþátturinn sem við settum inn til vinna með var að efla hópastarf en vegna ýmsra ástæðna þá náðist ekki að gera það og verður það eitthvað sem þarf að vinna áfram með næsta vetur. Þar sem hópastarfið náði ekki að finna fótfestu hjá okkur í vetur þá vorum þeim mun heldur meira úti og voru börnin mjög dugleg að læra alla þá sjálfhjálps sem þarf í fataklefanum í vetur.

Við notuðum Völu appið mikið í vetur til að senda skilaboð og setja inn ýmsar upplýsingar um hvernig dagurinn hjá börnunum var. Einnig voru haldin foreldraviðtöl í apríl og var góð mæting meðal foreldra. Þau gengu vel og voru flestir ánægðir með leikskólann og upplifun barnanna sinna af honum.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skýrara og betra hópastarf	Að börnin fái meira útúr hópastarfinu og við nýtum þau tól sem við höfum betur	Betra skipulag fyrir starfsfólk og gera það að mikilvægari part af deildarskipulaginu	Deildarstjóri	Sept 23	Maí 24	Samtöl á deildarfundum	Hversu oft næst að fara yfir það sem á að gera í hópastarfi með skráningum
Lubbi	Efla málörvun hjá börnunum	Vinna meira og markvissara með Lubba	Deildarstjóri	Sept 23	Maí 24	Samtöl á deildarfundum	Sjá hvernig gengur að kynna börnin fyrir orðhljóðunum.
Samvinna milli deilda á milli húsa	Efla samvinnu milli húsa og leyfa börnunum að hittast	Auka á hittinga, mánaðarlegir fundir milli deildarstjóra, hittast með börnin í öðru hverju húsinu.	Deildarstjóri	Sept 23	Maí 24	Samtöl við starfsfólk og fundir með deildarstjórum deildana	Að börnin þekki hvort annað sama hvaða húsi þau eru í og efla samstarf milli deildana



6 Innra mat Spóaholts

Veturinn 2022-2023 voru 18 börn á Spóaholti, tveir árgangar 2018 og 2019. 11 stúlkur og 7 strákar. Á Spóaholti voru 5 starfsmenn þar af einn starfsmaður sem sinnir barni með stuðning í 1.flokk. Deildarstjóri á Spóaholti kom aftur til vinnu eftir árs veikindaleyfi. Deildarstjóri byrjaði í hlutastarfi fram til áramóta og var annar starfsmaður í 50% deildarstjórastöðu á móti. Frá og með áramótum var deildarstjóri komin í 100% vinnu aftur. Í ágúst 2022 byrjaði aðlögun nýrra barna og flutningur barna á milli deilda, sem að gekk ljómandi vel. Fyrstu tvo mánuðina vorum við að kynna börnunum. Við byrjuðum skipulagt starf í lok september, byrjun október.

Hópastarf: Fyrir áramótin var lítið um skipulagðar hópastundir. Börnum var skipt í hópa og unnið með það efni sem við átti hverju sinni. Eftir áramótin var hópastarfið markvissara hjá okkur og við höfðum skipulagðar stundir fyrir Blæ vináttubangsann, sköpun, fínhreyfingar og grófhreyfingar.

Blær: Við komumst á ágætt flug með Blæ stundirnar og börnin náðu að tengja vel við efnið. Við skiptum þeim í litla hópa og vorum saman inn á milli. Öll börnin fegnu tækifæri til þess að tjá sig.

Lubbi finnur málbein: Við fórum í Lubba stundir á hverjum degi, þar sem að stafur/hljóð vikunnar var kynnt, sagan lesin og síðan var lagið sungið. Við hljóðuðum stafina og orðin og klöppuðum svo atkvæðin í orðunum.

Tilfinningar: Það varð smá viðsnúningur og við fundum að barnahópurinn okkar þurfti að læra á tilfinningar sínar. Það að kunna að finna hvernig manni líður, af hverju manni líður þannig og geta svo komið á það orði. Við tókum því námsefnið Stig af stigi inn til okkar sem að eru með mjög lýsandi myndir og góðar og stuttar æfingar. Þar gátu börnin sýnt okkur hvernig þau litu út þegar þau voru t.d. glöð, hissa eða reið. Það ýtti líka undir það að fá þau til þess að tjá sig af hverju þeim leið illa eða vel. Innirödd: Við unnum markvisst að því að kenna börnum að nota inniröddina sína. Það voru sett upp eyru í grænu, gulu og rauðu. Grænt: Vel gert, allir muna inniröddina, Gult: Viðvörðun, þurfum að finna inniröddina, Rautt: Stopp! Allir að finna inniröddina. Það er orðið nóg að benda á eyrun og þau eru farin að tengja á milli. Matartími: Við ákváðum að færa morgunmatinn aftur inná deildina, og svo finnst okkur meira notalegt að vera öll saman svona í morgunsárið. Hádegismaturinn er í flæði þar sem að börnin fara 6 til 8 saman í einu. Við erum með myndrænt skipulag með mynd af hverju



barni þannig að það sér hvenær það á að fara að borða. Hressingin hefur verið til skiptis inni á deild eða í sal. Við erum ánægð með matsalinn þar sem að það er minni lykt og minni þrif inni á deild og ekki matarleifar um öll gólf.

Tákn með tali: Öll börn og starfsfólk fegnu sitt tákn. Við höfum lagt inn tákn fyrir daga og mánuði og svo fyrir matartímann. Við þurfum að vinna markvissara að því og tileinka okkur betur að nota þetta almennt í starfinu dags daglega. Félgasfærni: Við vinnum alla daga með félagsfærni sem að okkur finnst skipta mjög miklu máli að skila félagslega sterkum einstaklingum út í lífið. Við kennum þeim að standa með sjálfum sér, setja mörk, komast inn í leik, leysa úr ágreiningi og allt sem að skiptir máli í félagslegum samskiptum .

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Tákn með tali	Vinna markvissara við að koma táknum inn. Efla starfsfólk meira	Taka þrjú tákn á viku í skipulögðum stundum.	Deildarstjóri og Starfsmenn deildar.	Haust23 sept/okt	Allt árið	Kynna fyrir þeim tákni, vera búin að ákveða fyrir fram hvaða tákn verða tekin fyrir hverju sinni. Símat	Skrá niður vikulega hvernig gekk.
Lubbi finnur Málbein	Hafa sýnilegri, vinna meira með efnið sem að fylgir honum Efla starfsfólk meira	Taka fyrir einn staf/hljóð og vinna markvissara með og hafa tvær vikur í einu.	Deildarstjóri og Starfsmenn deildar	Haust 23	Allt árið	Kynna fyrir þeim hljóð vikunnar, lesa sögu syngja lag. Símat	Skrá niður eftir hverja viku hvað var gert og hvað má betur gera
Meiri samvinna milli starfstöðva	Meira samspil milli Spóaholts og Fálkaholts. Hittast með börn, vinna að sama verkefni	Hafa skipulagða hittinga einu sinni í mánuði til að byrja með	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Haust 2023	Allt árið	Kynnast öðrum börnum, efla félagsleg tengsl	Metið á mán.frest i



7 Innra mat Ugluholts

Ugluholt er elsta deildin í Fálkaborg, á þeirri deild eru þau börn sem eru að fara í grunnskóla að hausti til og næst elsti árgangurinn. Ugluholt saman stendur af 4 starfsmönnum, þar á meðal er deildarstjórinn og einum í 70% starfi. Á deildinni þetta skólaárið voru 22 börn í heildina, 10 börn í skólahóp (2017) og 12 börn í árganginum fyrir neðan (2018).

Í upphafi skólaársins gekk frekar brösuglega en eftir því sem leið á árið hefur gegnið betur, deildin fékk utankomandi aðstoð frá Suðurmiðstöð sem hjálpaði bæði starfsfólki deildarinnar og börnunum mjög mikið og hafa verið miklar framfarir hjá barnahópnum.

Unnið var töluvert í hópastarfi þar sem að skipt var börnunum í árgangana sína og svo aftur í 2 hópa innan árgangsins. Eldri börnin fóru yfirleitt í skólástund þar sem þau lærðu að skrifa stafina og þar á meðal að skrifa nöfnin sín ásamt því að gera önnur verkefni. Yngri börnin voru mikið í verkefnavinnu og listasmiðju. Báðir árgagnar fóru í hlutverkaleik, einingakubba og holukubba í hópastarfi.

Á Ugluholti er lögð mikil áhersla á *Lubbi finnur málbein* þar sem börnin læra íslensku stafina og máhljóðin þeirra. Nýr stafur er yfirleitt tekin fyrir á föstudegi og svo aftur farið í þann staf á þriðjudeginum vikuna eftir. Öll börnin sitja saman í samveru þegar farið er í Lubbastund og eru börnin hvött til að giska og koma með orð.

Samvinnuverkefni tónskóla Sigursveins og elstu barna í Reykjavík: Elstu börnin okkar tóku þátt í Hörpuverkefninu eins og síðastliðin ár og var þema verkefnisins í ár **Við erum öll saman í þessu**. Leikskólinn hefur tekið þátt í þessu verkefni næstum frá upphafi en þar æfa börnin miserfið lög og fá svo tækifæri til að syngja lögina ásamt fleirum leikskólum á Opnunarhátíð Barnamenningarhátíðar í Eldborgarsal Hörpu.

Á vorönn erum við með **Óskadaga**, þar sem öll börnin fengu að velja sér einn dag þar sem þau sjálf fá að taka þátt og skipuleggja daginn og starfsmennirnir reyna að bestu getu að koma til móts við börnin. Þetta hefur gengið vel hingað til og hafa flest öll börnin tekið þátt í dögnum sem hafa verið.

Foreldrasamstarfið á Ugluholti hefur gegnið nokkuð vel og eru deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar ávallt tilbúið að koma til móts við foreldra og tala við það bæði þegar foreldrar koma með börnin og þegar þau eru sótt.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfræði í matartíma	Að börnin skammti sér sjálf, hlusti á sitt magamál og gangi frá eftir sig.	Höfum matinn aðgengilega n fyrir börnin og kaupa betri áhöld sem hentar börnum. Ræðum reglulega saman á deildarfundu m um hvernig gengur.	Allir starfsmen n	Sep	Maí	Á deildarfundum og í viðtölum við börnin um vorið.	Geta börnin helli sjálf í glösin, geta þau betur metið skammtastærðir nar og minni matarsóun.
Umhverfismen nt	Að börnin verði meðvitaðari um hvernig á að rækta grænmeti	Með því að kynna þeim fyrir gróðri og fá tækifæri til að rækta eigin matvæli.	Deildarstjó ri og starfsfólk deildarinn ar	okt	Maí	Gróðursetningu, kynning á efni, vettvangsferðir, t.d. grasagarðinn. Fylgjast með einu tré yfir árið.	Að börnin verði meðvitaðri um umhverfið sitt.



8 Innra mat Krummaholts

Börn og starfsmenn: Veturinn 2022 til 2023 voru tuttugu börn á Krummaholti en í maí 2023 bættist við eitt barn til viðbótar fætt 2019 og urðu þau þá tuttugu og eitt. Fjórtán börn fædd 2018 og sjö fædd 2019. Barnahópurinn var afar fjölmenningarlegur þar sem fjöldi móðurmála voru átta. Fjórtán börn höfðu annað tungumál og íslensku sjö höfðu íslensku að móðurmáli. Starfsmenn voru fjórir mestan hluta starfsársins, þrír þeirra hafa pólsku að móðurmáli. Þrír starfsmenn eru með háskólamenntun á uppeldissviði og fjórði starfsmaðurinn fór á Fagnámskeið II nú í vor. Áskorun starfsársins var að halda íslensku málumhverfi og hefur starfsmaður sértækrar málörvunar hefur spilað mikilvægt hlutverk í því.

Daglegt starf: Hópastarf hefur verið reglulegt og föst vikuleg verkefni hafa verið: Orðahljóð, Orðagull, Talnaland og Lubbi finnur málbein auk annarra verkefna og heimagerðra spila. Áhersla var lögð á tungumálið í ár vegna fjölbreytileika í móðurmálum barna. Við málörvun notuðum við ýmis efni svo sem sögukubba, spil og leiki, lestur, spjall og söng. Bækur voru líka í forgrunni bæði fræðandi og til afþreyingar svo sem um líkamann, umferðarreglur, tannlæknaheimsóknir og fleira. Einnig hafa sögurnar úr Blæ efninu verið lesnar þó að minna hafi farið fyrir annarri vinnu úr því efni. Loðtöflusögur eru vinsælar og hanga uppi yfir daginn sem gefur tækifæri til umræðu barna á sögunum. Til þess að auðvelda samskipti og leiðbeiningar á deildinni var umhverfið gert myndrænna.

Í vetur færðum við morgunmatinn aftur inn á deildina. Okkur fannst það jákvæð breyting. Börnunum líður betur með að byrja daginn inni á deild og borða þar í rólegheitum. Auk þess að hagræði er að því að missa ekki starfsmann af deildinni. Hádegismaturinn og síðdegishressing er enn í matsalnum og þar er maturinn á hlaðborði þar sem börnin eru að mestu sjálfbjarga. Þau eru hvött til þess að smakka allt og fá aðstoð með hæfilega skammta.

Viðburðir: Það var margt um að vera hjá okkur í vetur, slökkviliðið kom í sína árlegu heimsókn til elstu barnanna, okkur var boðið að sjá Dýrin í Hálsaskógi hjá 4. bekk í Breiðholtsskóla. Við fórum í Borgarleikhúsið að sjá Ofurhetjumúsina og Þjóðleikhúsið bauð elstu börnum á sýninguna „Ég get“. Bókasafnið í Breiðholtsskóla bauð börnunum í heimsóknir á safnið að hlusta á nemendur lesa sögur sem börnin fengu að kjósa um, þau fengu fræðslu um sögupersónurnar og spiluðu bingó. Skólahópurinn hefur að vanda farið í íþróttir í Breiðholtsskóla einu sinni í viku. Hið árlega „Hörpuverkefni“ var í apríl, en það verkefni tengist barnamennningarhátíð í Reykjavík. Í ár voru löggin hennar Röggva Gísla sungin af elstu börnum nokkurra leikskóla í borginni. Það hefur verið mikið að gera hjá elstu börnunum okkar í vor. Þau fóru í vorskóla í Breiðholtsskóla þar sem þau fengu að prófa að vera í grunnskóla. Það er gert til að þau geti séð kennslustofuna sem þau fara í, séð aðstöðuna í húsinu og hitt kennara. Útskrift elstu barna í Borg var haldin í hátíðarsal Breiðholtsskóla og voru börnin úr báðum húsum saman. Fjölskyldum barnanna var svo boðið uppá veitingar og var vel mætt. Útskriftarferðin var síðan farin viku síðar í Frístundagarðinn í Gufunesi þar sem grillaðar voru pylsur og skemmtileg leikaðstaða nýtt. Í júní fóru þau síðan í Alþingishúsið en þar er boðið upp á skoðunarferð um húsið, hlutverk þingsins og lýðræði útskýrt, svo þau fengu að taka þátt í leynilegri kosningu. Í lokin fengu þau að gjöf bókina; Drekin í þinghúsinu.



UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Blær-vináttubangsi	Auka notkun kennsluefnisins, fá aðstoð annara starfsmanna sem hafa farið á námskeið. Fá námskeið fyrir alla stm.	Hafa Blæ stund 1x í viku.	Leikskólastjórinn. Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	1.sept	1.maí	Metið á deildarfundum. 2x í mánuði	Að Blæ stundir hafi að lágmarki verið 15x yfir haustönnina
Tákn með tali	Koma TMT betur inn í daglega rútinu deildarinnar.	Hvert barn og starfsmenn hafi sitt tákn. Fara yfir táknin í samveru, syngja m.tmt. Setja upp myndrænt umhverfi	Deildarstjóri og aðrir starfsm. deildarinnar.	1.sept	1.júlí	Metið á deildarfundum 2x í mánuði	Að hver stm tileinki sér amk 2 tákn á viku
Matsalur	Halda áfram að þróa „matstofu“	Bæta aðstöðuna m.a. með borðbúnaði og húsgögnum. útfæra betur hlaðborðið.	Deildarstjóri, Leikskólastjórinn og starfsmenn	25.ágúst	10.de	Símat Metið á deildarfundum í október og á deildarstjórafundum í nóvember	15.okt séu komin viðeigandi borð. 10.des. sé búið að finna viðeigandi áhöld



9 Innra mat sérkennslu

Nýr sérkennslustjóri tók til starfa 1.september og var fyrst um sinn í 50% starfshlutfalli en byrjaði í fullu starfi 1.nóvember. Þann 1.september voru 3 börn með sérstakt fjármagni til sérkennslu í leikskólanum, þar af 1 barn í 1. flokki og 2 börn í 2. flokki. Við það bættust 3 börn og voru alls 4 starfsmenn sem sinntu stuðningi barns að fullu auk þess sem stuðningstímar 2 barna dreifðust á starfsfólk deildarinnar.

Áhersla var lögð á að efla samstarf við foreldra í sambandi við sérkennslu og fá foreldra á teymisfundum inn í leikskólann en það hafði vantað upp á eftir heimsfaraldur og sóttvarnaraðgerðir. Foreldrar tveggja barna á yngstu deild nýttu sér t.d. að fá fræðslu og ráðgjöf um málörvun og máltöku yngri barna frá sérkennslustjóra og fengu verkefni og heilræði með sér heim. Sérkennslustjóri var með fyrirlestur á starfsdegi á haustönn um leiðir til málörvunar í gegnum leikinn og daglegar athafnir auk þess sem rætt var við deildarstjóra um fyrirkomulag samverustunda og málörvunar inni á deildum. Sérkennslustjóri fór reglulega inn á allar deildir og tók þátt í frjálsum leik eða í fataklefa til að sýna málörvunaraðferðir í raunaðstæðum.

Samráðsfundir voru haldnir 2x á hvorri önn með sérfræðingum frá Suðurmíðstöð. Þess á milli var sérkennslustjóri í sambandi við starfsfólk Suðurmíðstöðvar eftir þörfum. Leikskólinn tók aftur upp þátttöku í LÆM (Læsi allra mál) verkefninu og í kjölfar fyrirlagnar HLJÓM-2 og EFI-2 voru niðurstöður sendar á talmeinafræðinga á Suðurmíðstöð sem komu svo og funduðu með sérkennslustjóra og verkefnastjóra og farið var yfir hvernig ætti að haga tilvísunum til þeirra sem og aukinni málörvun til þeirra barna sem fengu slaka færni miðað við jafnaldra. LÆM fylgir áætlun fyrir markvissa vinnu fyrir þau börn sem koma illa út á EFI-2 og fór sérkennslustjóri í þá vinnu að flokka það námsefni sem til er eftir markmiðum og þeimum hverra tímabils í áætluninni og stefnir á að útbúa kassa fyrir deildir með efni sem hægt er að nota í samverustundum og hópastarfi inni á deildum til að styðja við þá vinnu sem fer fram í málörvunarstundum með þessum börnum.

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan er skipulögð í anda menntunar án aðgreiningar með þarfir og styrkleika hvers og eins að leiðarljósi. Þjálfun barna fer að mestu leiti fram í barnahópnum auk þess sem farið er í einstaklingsvinnustundir í sérkennsluherbergi. Lagt er upp með að börnin fylgi hópnum sínum í hópastarfi með stuðningsaðila ef þess þarf. Eitt barn fær fylgd í talþjálfun og iðju-/sjúkrapþjálfun.
---	--



	Skráningar á vinnustundum eftir því hvernig þjálfun er í gangi t.d. skráningarblöð frá Ráðgjafar- og greiningarstöð f.atferlisþjálfun.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	HLJÓM-2 var lagt fyrir öll börn í elsta árgangi í september og október 2022. Þau börn sem voru með slaka færni voru prófuð aftur í febrúar 2023. AEPS var notað með 5 börnum. EFI-2 var lagt fyrir öll 3 ára börn.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Notast var við heimatilbúin verkefni sem og aðkeypt námsgögn sem til voru í leikskólanum. Byrjað var að innleiða PECS með einu barni og komið upp sjónrænu skipulagi á 3 deildum. Ýmis spil og bækur og fínhyfiverkefni.

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lausnateymi	Að festa í sessi lausnateymi; þróa verklag fyrir fundi og skráningar.	Kynna lausnateymi fyrir deildarstjórum og starfsmannahópn um. Allir viti hvaða ferli fer í gang þegar áhyggjur kvikna og hvar í ferlinu hvert mál er statt.	Sérkennslustjóri	Ágúst 23	Jún 24	Samtöl við deildarstjóra og umræða á deildarstjórafundum	Að mál fari í skýran farveg og markviss vinna hefjist um leið og áhyggjur kvikna. Vinnulag sé skráð á skýran hátt.
Einstaklingsnámskrá	Unnið sé markvisst eftir einstaklingsnám skrá barns og hún uppfærð reglulega.	Stuðningsaðili og sérkennslustjóri vinni einstaklingsáætlun út frá matstækjum t.d. AEPS. Einstaklingsnámskráin og uppfærslur kynntar á deildarfundum	Sérkennslustjóri og sérkennarar	Sep 23	Júní 24	Farið yfir skráningar og markmið á 2-3 mánaða fresti.	Að skráningar séu til staðar um að unnið hafi verið að markmiðum úr einstaklingsnám skrá á hverjum degi og að hæfni barns aukist og það nái markmiðum eða komist



		og markmið sýnileg. Auka skráningar sérkennara.					amk. nálægt því.
--	--	--	--	--	--	--	---------------------

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í hvoru leikskólahúsi fyrir sig er 25% staða sem er nýtt til málörvandi stunda með börnunum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Börn fara í einstaklingstíma og hópatíma í sértækri málörvun í hverri viku. Stuðst er m.a. við áætlun frá talmeinafræðingum Suðurmiðstöðvar og námsefnið Tölum Saman. Gefðu 10 er notað á einhverjum deildum en þarf að efla betur á flestum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Orðaforðavinna er fléttuð inn í lestrar, samveru- og söngstundir auk þess sem starfsmenn koma því inn í frjálsum leik með spilum og afmörkuðum verkefnum sem boðið er uppá inni á deildum. Minnka má hópa í lestrar- og samverustundum og halda betur utan um hópastarf fyrir betri yfirsýn.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	EFI er lagt fyrir öll börn um 3 ára aldur og aftur fyrir þau sem koma út með slaka færni. Skráningar hjá sérkennara í málörvunarstundum notaðar til að meta ákveðna færni í ákveðnum verkefnum. (Sjá umbótaáætlun fyrir næsta vetur)
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, í hópastarfi, sértækum málörvunarstundum, lestrarstundum, samverustundum og í frjálsum leik er reynt að stuðla að virkri þátttöku barna í öllum þáttum málsins.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



Hæfniramma r í íslensku	Taka upp markvissar skráningu á stöðu og framförum fjöltýngdra barna. Einstaklingsáæt lun útbúin fyrir börn sem koma í reglulegar málörvunarstu ndir sem unnin er upp úr hæfniviðmiðu m	Fylla út skráningarblað sem unnið er uppúr hæfnirömmun um fyrir hvert barn sem fær sértæka málörvun.	Verkefnastjó ri fjölmennin g Sérkennslustj óri	Ágúst 23	Maí 24	Skráningarblað með hæfniviðmiðum prentað út fyrir hvert barn. Farið yfir skráningar í lok vetrar	Búið sé að fylla inn í skráningarbl að fyrir öll þau börn sem eru í sértækri málörvun amk.1x á önn.
------------------------------------	--	--	---	-------------	-----------	---	--



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru á vorönn. Leikskólastjóri sinnti samtölunum og fengu allir starfsmenn tækifæri til að eiga samtal við hann.

Á skólaárinu fengum við eftirfarandi fræðslu:

- Hinsegin fræðsla frá Regnbogavottun Reykjavíkurborgar
- Sandra Dögg Vignisdóttir, sérkennslustjóri Borgar var með erindi um málþroska og málörvun leikskólabarna
- Lena Björg Rúnarsdóttir og Kristín Margrét Arnaldsdóttir, sálfræðingar frá Suðurmiðstöð komu með erindi um jákvæðan aga
- Guðný Reynisdóttir og Inga Guðrún Birgisdóttir, mannauðsstjórar hjá Reykjavíkurborg komu með erindi og vinnustofur um liðsheild og gildi Borgar
- Guðrún Sólveig Vignisdóttir var með vinnustofuna Horfum til himins

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundar er gott í Bakkahverfinu. Í ár voru fastir liðir eins og elstu börnin hittust í íþróttahúsinu í Breiðholtsskóla á hverjum föstudegi og þau fóru í vorskólann þar sem þau fengu að kynna grunnskólanum áður en þau hefja nám þar. Tekið var á mótum þeim í kennslustofu, þau gerðu verkefni, borðuðu nesti og fóru út í frímínútur. Þá var boðið upp á svokallað leikskólaval í unglingadeild Breiðholtsskóla þar sem nemendur gátu valið um að starfa í leikskóla einu sinni í viku. Við tókum á mótum átta nemendum, fjórum í hvort hús og aðstoðuðu þau í leik og starfi. Í ár bauð bókasafn Breiðholtsskóla elstu börnunum að koma í lesstundir þar sem nemendur skólans lásu fyrir börnin. Var það gert í fyrsta skipti nú í ár og vakti mikla lukku og efldi nemendur og börn á báðum skólastigum. Í ár var útskrift elstu barnanna haldin í Breiðholtsskóla, en liðin eru nokkur ár síðan það var gert síðast.



8 Foreldrasamvinna

Þar sem heimsfaraldur vegna Covid-19 hafði sett ákveðnar takmarkanir á foreldrasamstarf var eitt af markmiðum skólaársins að efla samvinnu við foreldra. Foreldrafélag leikskólans hittist snemma að hausti til að skipuleggja viðburði skólaársins. Að hausti var haldin kynning fyrir foreldra á vetrarstarfinu og voru þessir fundir vel sóttir í báðum húsum. Á fundinum var einnig óskað eftir fleiri meðlimum í foreldrafélag leikskólans og gekk vel að fá foreldra til liðs við félagið. Í desember var smákökuboð þar sem foreldrum var boðið að koma og þiggja smákökur sem börnin höfðu skreytt og kaffi. Í kjölfarið var foreldrafélagið með jólaföndur. Þessi viðburður var afar vel sóttur. Í desember var einnig jólaball fyrir börnin og kom foreldrafélagið að þeirri skemmtun með því að sjá til þess að rauðklæddir sveinar mættu til að gleðja börnin.

Á vorönninni var boðið upp á foreldraviðtöl með deildarstjórum. Í kjölfarið ákvað stjórnendateymi leikskólans að samræma eyðublöðin sem farið er eftir þegar viðtölin eru undirbúin. En nú eru ekki sömu eyðublöðin fyrir bæði húsin. Þá var boðið upp á foreldrakaffi í tengslum við sumardaginn fyrsta. Foreldrafélagið bauð upp á páskaeggjaleit og tók þátt í sumarhátíð barnanna með því að bjóða upp á skemmtiatriði.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins eru eftirfarandi:

- 6. október
- 1. desember
- 5. febrúar
- 24. apríl
- 26. apríl
- 17. maí



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2023 – 2024 Leikskólinn Borg

Reykjavík, 5. júlí 2023

Umsögn foreldraráðs 2022-2023

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun Borgar. Líkt og kom fram í greinargerð leikskólastjóra voru tveir nýir stjórnendur í afleysingum vegna fæðingarorlofs leikskólastjórans. Auður Ösp Guðjónsdóttir, ráðinn aðstoðarleikskólastjóri og Lena Sólborg Valgarðsdóttir sem báðar hafa látið af störfum.

Foreldraráð þakkar þeim fyrir vel unnin störf og þá sérstaklega fyrir að koma foreldrasamstarfi aftur af stað eftir heimsfaraldur. Á sama tíma bjóðum við Lindu Rún Traustadóttir velkomna aftur til starfa og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Starfsfólk leikskólans á lof skilið fyrir vel unnin störf í vetur og liðleika þegar kom til mönnunarvanda í upphafi skólaárs.

Starfsáætlun og skóladagatal Leikskólans Borg er samþykkt af foreldraráði.

Foreldraráð:

Ásdís Magnea Egilsdóttir

Hafdís Ósk Baldursdóttir

Sunnefa Pálsdóttir

F. h. leikskólans,

Reykjavík, 5. júlí 2023



Staður og dagsetning

Leikskólastjóri



10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2023-2024

Fylgir sem viðhengi





Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ		
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F Starfsdagur	1 M	Nýársdagur	1 F	1 M	Annar í Páskum	1 M	Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	Sjómanna dagurinn	2 Þ	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M		3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ		4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M Starfsdagur	5 Þ	5 F	5 S	5 M		5 M	5 F
6 S	6 M	6 F Starfsdagur	6 M	6 M	6 L	Prettándinn	6 Þ	Dagur leikskólans	6 M	6 L		6 F	6 L
7 M	Frídagur verslunarmann	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S		7 Þ	7 S
8 Þ	8 F	Dagur læsis	8 S	8 M	Baráttudagur gegn einelti / orænn daour	8 F	8 M	8 F	8 M	Dótadagur	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 Þ	9 L	9 Þ	9 F	Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M		10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ		11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	Jólaball	12 F	Vasaljós dagur	12 M	12 F	12 M		12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	Bleikur dagur	13 M	13 M	Jólaball	13 L	13 Þ	13 M	13 F		13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 M	Hamatur - Rauður dag	14 S	14 M	14 F	14 S		14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 M	15 F	15 M	15 M		15 L	15 M
16 M	16 L	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F	Dagur íslenskrar tunou/ Bókadaour	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ		16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M		17 F	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 F	18 M	18 F	18 L	18 Þ		18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	Bóndadagur - upphaf þorra	19 M	19 F	19 S	19 M		19 S	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	Dagur mannréttinda barna	20 L	20 M	20 L	20 M		20 M	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S		21 M	21 F	21 S	21 Þ		21 Þ	21 S
22 Þ	Skólasetning grunnskól	22 F	22 S	22 M	22 F		22 M	22 F	22 F	22 M		22 M	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 L	Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ		23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	Aófangadagur jóla	24 M	24 L	24 S	24 F		24 M	24 M
25 F	25 M	Kynningarfundur - Annarhús Evrópski tunoumáladaourinn	25 M	25 L	25 M	Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F		25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	Annar í jólum	26 F	26 M	26 M	26 Þ		26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	Dótadagur	27 L	27 Þ	27 M	27 L		27 M	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	Fyrsti vetrardagur	28 S	28 M	28 F	28 S		28 Þ	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	Kynningarfundur - Fálkahús	29 F	29 F	29 M	29 M		29 M	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S		30 S	30 Þ
31 F		31 Þ	Hrekkjavaka	31 S	31 M	Gamlársdagur	31 M	31 S	31 F	31 M		31 M	31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og fristundasíðs er að í hverju hverfi leitist skólustjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.